

Fundur um íþróttamannvirki 24. janúar 2023 - Vöruhúsinu

Fundarstjóri: Sigurjón Andrússon

Fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Í pallborði auk þeirra; Brynja Dögg Ingólfssdóttir, Björn Þór Imsland, Gunnar Ingi Valgeirsson, Gunnar Borgarsson (á teams)

Gestir fundarins: Emil Morávek, Þóra Björg Gísladóttir, Gunnhildur Imsland, Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfssdóttir, Steindór Sigurjónsson, Margrét Kristinsdóttir, Kristín Gestsdóttir, Sigurborg Jóna Björnsdóttir, Hulda Björg Sigurðardóttir, Kolbrún Björnsdóttir, Erlendur Rafnelsson, Gauti Árnason, Eyrún Fríða Árnadóttir, Ásgerður K. Gylfadóttir, Gunnar Örn Reynisson, Guðbjörg Guðlaugsdóttir, Jóhanna Björg, Ernesto Barbosa, Elías Tjörvi Halldórsson, Gunnlaugur Róbertsson, Óli Flóvent, Guðrún Ása Jóhannsdóttir, Ingólfur Reynisson, Selma Ívarsdóttir, Skúli Ingibergur Þórarinsson, Jóhann Bergur Kisel, Fjóra Ingólfssdóttir, Tinna Sævarsdóttir, Sigursteinn Traustason, Hjördís Olgeirsdóttir, Þröstur Jóhannsson, Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Hafsteinn, Kristján Ebenezarsson.

Framhaldsfundur um íþróttamannvirki.

1. Gunnar Borgarsson arkitekt fór yfir hugmyndir sem komið hafa frá því síðast. Til að byrja með sýndi hann hugmynd að stærra húsi þar sem fimleikar eru hugsaðir inn í húsinu. Það væru þá niðurgrafnar gryfjur og aðstaðan því föst þar.
2. Miklar umræður urðu um málið og mörgum spurningum velt upp. Hér fyrir neðan eru þær listaðar upp og ef það komu svör þá eru þau strax á eftir.

Spurningar

1. Ef fimleikarnir eru í gangi þá taka þeir stundum allt húsið og stundum 2/3
2. Fær karfan þá ekkert fleiri tíma?
3. Hvernig eru skilrímin á milli sala? Gunnar sagði að hægt væri að hafa a.m.k. tvö misjöfn skipti. Algengt að hafa 2 ½ metri segl og net fyrir ofan
4. Hvað er salurinn stór? Rúmir 1800 m² – þrefaldur salurinn miðað við núna.
5. Hversu breytt er húsið? 30 m. – keppnisvöllurinn er langsum
6. Fimleikasalurinn er 16*30 og ef á að nota hlaupabrautirnar þá þarf líka miðjubilið.
7. Eru hlaupabrautin nógu löng? Já ef miðjusalurinn er notaður og stundum þarf að nota allan salinn.
8. Spurt um staðsetningu á íþróttahúsinu? Af hverju það er sett þarna? Væri ekki betra að hafa það meira inn á grasflötinni? Þar myndar það mikið skjól og annað slíkt. Það var búið að setja íþróttahúsið nær skólanum inn á grasvöllinn en það var ekki nægilegt pláss.
9. Ef stúkan verður ein og sér þá verður hún bara steypuklumpur og íþróttahúsið til hliðar er ekki eins aðgengilegt fyrir fótboltann. Hvað með aðgengi fyrir fatlaða í stúkuni.
10. Annar aðili benti á að með því að hafa húsið þarna á hliðinni þá væri þetta ekki eins mikil íþróttamiðstöð og einnig spurði hann hvort ekki hefði verið rætt um að færa Víkurbrautina og hvort ekki mætti þá snúa íþróttahúsinu.
11. Er gert ráð fyrir þurkklefum? Þar sem þú getur hengt upp föt og geymt dótið þitt án þess að það séu sturtur.
12. Brynja benti á að það væri ekki heilagt hvar húsið er sett niður en það yrði að gera ráð fyrir plássi fyrir 500 barna skóla. Það er ekki byrjað á neinni hönnun á nýjum skóla.
13. Það væri mikilvægt að fá fram allar hugmyndir frá fólki og í framhaldi af því verður vonandi hægt að raða framkvæmdum niður í viðráðanlega bita og forgangsraða. Endilega koma með allar hugmyndir.
14. Ábending frá rafíþróttadeildinni að það virðist ekki vera gert ráð fyrir rafíþróttadeildinni inn í skipulaginu.
15. Það væri frábært að fá mynd af því þegar íþróttahúsið er fyrir miðju og stúkan föst við það – það er inn á fyrstu hugmyndunum. Sigurjón benti á að með því að setja íþróttahúsið á miðjuna þá væri verið að taka allt grassvæði.
16. Spurt hvort það kæmist samt ekki fyrir – jú það kemst fyrir en það verða langar gangar og ekki mjög praktískt.
17. Með þessu nýja íþróttahúsi aukast möguleikar skólans og gamla íþróttahúsið mun nýtast skólanum. Staðsetningin á íþróttahúsinu er alls ekki of langt frá skólanum.
18. Aftur ábending um að stúkan væri of mikill steypuklumpur og að það þyrfti að horfa meira á að sameina félagið með þessari byggingu. Væri líka óhentugt varðandi starfsfólk
19. Er búið að semja við Vegagerðina? Ekki semja en ræða við hana.
20. Knattspyrnan vill gjarnan fá stúkuna fyrir miðju. Það voru sýndar teikningar frá því skipulagi.
21. Bent á að gervigras myndi leysa öll vandamál við grasvelli. Þá væri nauðsynlegt að byrja á gervigrasi.
22. Ef Víkurbrautinni yrði lokað – má ekki gera það? Þá er verið að auka umferð um íbúðahverfið. Viðbragðsaðilar hafa bent á að það megi helst ekki skera á Víkurbrautina ef upp kemur slys.

23. Ef það verða bara 4 brautir því 6 eru óþarfi er þá ekki hægt að setja svæðið nær Garðshólnum.
24. Finnst fólki ekki þörf á að tengja íþróttamiðstöðina við Báruna? Nei en það mættu vera þurrklefar þar og klósett. Bent á að það gæti flækt starfsmannamál.
25. Spurt um hvort hægt væri að snúa íþróttavellinum og færa bara Víkurbrautina? Það verður sennilega lítið pláss en má skoða.
26. Kom fram að það væri alveg eins eitt íþróttasvæði og ein heild þó íþróttasvæðið væri nær Bárunni og að stúkan væri steypuklumpur væri bara útfærsluatriði.
27. Sjoppa á einum stað fyrir allar greinar líka
28. Knattspyrnan vill frekar vera miðsvæðis og hafa stúku norðan megin og að stúkan sé tengd við íþróttahúsið.
29. Áhaldageymslur – það þarf miklu stærri áhaldageymslur en eru núna.
30. Aðstaða fyrir húsverði – hún þarf að vera í tengslum við innganginn á húsinu, salnum og búningaklefa.,
31. Aftur ábending að ef það væri verið að æfa fimleika þá væru tveir vellir uppteknir. Er það spurning um útfærslur eða hvað
32. Fimleikarnir eru ánægðir að það sé verið að hugsa þá út á Höfn en bendir á að það sé mjög erfitt að flytja fimleikadótið.

Sigurjón sagði í lok fundar að þetta hefði verið gagnlegur fundur og mikilvægt að fá allar þessar hugmyndir. Fólk líka hvatt til að senda skriflega þær hugmyndir sem þegar eru komnar. Hann tók sérstaklega fram að áður en farið yrði í endanlegar útfærslur yrði haft nánara samráð við þennan hóp. Nú fer boltinn til Bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar og hún mun taka ákvörðun um næstu skref.